

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur stuðningi umhverfisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 2002–2007? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Þann 20. mars 2001 skrifaði þáverandi umhverfisráðherra undir samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka sem stuðningur ráðuneytisins byggist á. Í yfirlýsingunni segir:

„Markmið samstarfsaðila er að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd. Virkni og þátttaka almennings er forsenda árangurs í umhverfismálum. Hlutverk frjálsra félagasamtaka felst ekki síst í því að koma upplýsingum til almennings. Því vill umhverfisráðuneytið auka samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun og framkvæmd umhverfisverndar í samræmi við ákvæði Árósasamningsins frá 1998.

Skilgreining.

- Í samstarfsyfirlýsingu þessari er með frjálsum félagasamtökum átt við öll þau samtök sem láta umhverfisvernd til sín taka óháð því hvort umhverfisvernd sé meginviðfangsefni samtakanna.
- Umhverfissamtök eru þau frjálsu félagasamtök sem hafa umhverfisvernd sem meginviðfangsefni og starfa á landsvísu eða eru svæðisbundin.

Forsendur.

- Aðilar að þessari samstarfsyfirlýsingu eru sammála um það að frjáls félagasamtök gegni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki í umræðu um umhverfismál. Framlag þeirra við að upplýsa almenning, stjórnvöld og fjölmiðla er mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun íslensks samfélags.
- Í yfirlýsingu sem umhverfisráðherrar aðildarríkja efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) samþykktu í Árósum í júní 1988 undirstrika þeir mikilvægi frjálsra félagasamtaka og hvetja stjórnvöld til að styðja við bakið á slíkum samtökum og til að virkja þau við ákvarðanatöku um umhverfismál.
- Leitað verður heimildar Alþingis á árinu 2001 til staðfestingar á Árósasamningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum.
- Löggjöf í umhverfismálum kallar á umtalsvert samráð við almenning.

Form samráðs umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka.

- Umhverfisráðuneytið mun standa fyrir reglulegum samráðsfundum með umhverfissamtökum. Auk þess verður boðað til víðtækari samráðsfunda eftir því sem tilefni er til. Á

Þessum fundum mun ráðuneytið gera grein fyrir helstu málum sem unnið er að hverju sinni og umhverfissamtökin kynna sínar áherslur og verkefni.

- Umhverfissamtökin mun annað hvert ár boða til Umhverfisþings þar sem fjallað verður um stefnumörkun og framkvæmd á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar.
- Umhverfissamtök sem aðild eiga að samstarfsyfirlýsingu þessari geta óskað eftir samráðsfundum með umhverfissamtökin þegar þau telja þörf á.
- Umhverfissamtökin mun leitast við að bjóða fulltrúum frjálsra félagasamtaka þátttöku í fjölskipuðum nefndum á vegum ráðuneytisins og að hafa samráð við þau við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða.

Stuðningur við umhverfissamtök.

- Umhverfissamtökin mun veita árlega styrki í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni til almennra starfsemi umhverfissamtaka. Fjárframlög verða einungis veitt þeim félögum sem eru opin fyrir almennri aðild, starfa ekki í hagnaðarskyni, hafa opið og endurskoðað reikningshald og taka saman ársskýrslur. Slíkir styrkir komi til viðbótar við eigin fjáröflun sem standa skal undir meginhluta starfseminnar.
- Umhverfissamtökin mun auk þess veita fjármagni til faglegrar uppbyggingar umhverfissamtaka, og frjálsra félagasamtaka sem láta umhverfismál til sín taka, með því að styrkja tiltekin verkefni í samræmi við heimildir fjárlaga hverju sinni.
- Umhverfissamtökin mun veita umhverfissamtökum fjárhagslegan stuðning til þátttöku í stefnumarkandi alþjóðlegum fundum um umhverfismál samkvæmt nánara samkomulagi.
- Umhverfissamtökin mun setja nánari reglur um þennan stuðning í samráði við aðila að samstarfsyfirlýsingunni.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

- Umhverfissamtök eru hvött til þess að afla sér heimildar til þátttöku á fundum á vegum Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra umhverfissamninga.

Aðild að samstarfsyfirlýsingunni.

- Umhverfissamtökin mun halda skrá yfir umhverfissamtök og önnur frjáls félagasamtök sem falla undir samstarfsyfirlýsingu þessa.
- Öllum þeim samtökum sem falla undir samstarfsyfirlýsinguna er heimilt að óska eftir aðild að henni.“

Á grunni þessarar yfirlýsingar hefur umhverfissamtökin veitt félagasamtökum styrki. Meðfylgjandi er yfirlit yfir veitta styrki 2002–2007. Árin 2002–2005 féllu styrkirnir undir fjárlagalið 14-190-190 en hafa síðan fallið undir lið 14-190-198. Forsvarsmenn félaganna eru ábyrgðaraðilar verkefnanna.

Þess má geta að nýr umhverfissamtök ákvað að veita 2.000.000 kr. af ráðstöfunarfé ráðherra til stuðnings við frjáls félagasamtök og nema því styrkir ráðuneytisins til frjálsra félagasamtaka 12.000.000 kr. árið 2008 sem er um 20% hækkun frá fyrra ári.

Árið 2007 – styrkir samtals 9.970.000 kr.

<i>Landvernd</i>	
Rekstrarstyrkur	2.100.000 kr.
Bláfáninn	150.000 kr.
Grænfáninn	750.000 kr.
Vistvernd í verki	800.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	2.500.000 kr.
Upplýsingabæklingur um loftslagsmál	500.000 kr.
<i>Fuglavernd</i>	
Rekstrarstyrkur	1.000.000 kr.
Garðfuglar, fræðsla og upplýsingagjöf	250.000 kr.
Fuglaskógurinn	150.000 kr.
<i>Híð íslenska náttúrufræðifélag</i>	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
<i>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</i>	
Rekstrarstyrkur	250.000 kr.
Uppgræðsluverkefni á Suðurlandi	400.000 kr.
<i>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi</i>	
Rekstrarstyrkur	170.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Suðurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	300.000 kr.
<i>Náttúruvaktin</i>	
Rekstrarstyrkur	100.000 kr.

Árið 2006 – styrkir samtals 10.266.000 kr.

<i>Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	2.500.000 kr.
Fyrirlestur sérfræðings um loftslagsmál	100.000 kr.
Námskeið um umhverfisverndarsamtök	150.000 kr.
Bæklingur um ógnir vegna ofveiði	200.000 kr.
<i>Landvernd</i>	
Rekstrarstyrkur	2.100.000 kr.
Bláfáninn	150.000 kr.
Grænfáninn	750.000 kr.
Alviðra fræðslusetur	300.000 kr.
Vistvernd í verki	700.000 kr.
Framtíðarsýn fyrir hálendi Íslands	700.000 kr.
<i>Fuglavernd</i>	
Rekstrarstyrkur	900.000 kr.
<i>Híð íslenska náttúrufræðifélag</i>	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
<i>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</i>	
Rekstrarstyrkur	250.000 kr.
Uppgræðsluverkefni á Suðurlandi	400.000 kr.
<i>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi</i>	
Rekstrarstyrkur	216.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Suðurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	300.000 kr.

Árið 2005 – styrkir samtals 9.850.000 kr.

<i>Landvernd</i>	
Rekstrarstyrkur	2.100.000 kr.
Bláfáninn	150.000 kr.
Grænfáninn	500.000 kr.
Loftslagsverkefni	400.000 kr.
Alviðra fræðslusetur	300.000 kr.
Vistvernd í verki	600.000 kr.
Framtíðarsýn fyrir hálendi Íslands	600.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	2.500.000 kr.
Viðhorfskönnun vegna Rammaáætlunar	200.000 kr.
<i>Fuglavernd</i>	
Rekstrarstyrkur	500.000 kr.
Bæklingur um helstu fuglastaði	200.000 kr.
Fræðsluvefur um fugla	200.000 kr.
<i>Hið íslenska náttúrufræðifélag</i>	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
<i>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</i>	
Rekstrarstyrkur	250.000 kr.
Uppgræðsluverkefni á Suðurlandi	400.000 kr.
<i>Félag um verndun hálendis Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.

Árið 2004 – styrkir samtals 8.110.000 kr.

<i>Landvernd</i>	
Rekstrarstyrkur	1.500.000 kr.
Grænfáni	350.000 kr.
Bláfáni	150.000 kr.
Nýting náttúru á Vestfjörðum	100.000 kr.
Loftslagsverkefni	400.000 kr.
Alviðra fræðslusetur	300.000 kr.
Vistvernd í verki	500.000 kr.
Ferðastyrkur	450.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	1.800.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.
<i>Fuglaverndarfélag Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	450.000 kr.
Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði á Íslandi	250.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.
<i>Hið íslenska náttúrufræðifélag</i>	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
<i>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</i>	
Rekstrarstyrkur	240.000 kr.
LAND-NÁM	400.000 kr.
<i>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi</i>	
Rekstrarstyrkur	120.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	150.000 kr.

Árið 2003 – styrkir samtals 9.400.000 kr.

<i>Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	1.800.000 kr.
Ferðastyrkur	200.000 kr.
<i>Landvernd</i>	
Rekstrarstyrkur	1.500.000 kr.
Verkefnastyrkir	2.200.000 kr.
Sameiginlegur styrkur með Fuglavernd	1.400.000 kr.
<i>Fuglaverndarfélag Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	450.000 kr.
Sameiginlegur styrkur með Landvernd	1.400.000 kr.
<i>Híð íslenska náttúrufræðifélag</i>	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
<i>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</i>	
Rekstrarstyrkur	240.000 kr.
Verkefnastyrkur	400.000 kr.
<i>Sól í Hvalfirði</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Félag um verndun hálendis Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi</i>	
Rekstrarstyrkur	160.000 kr.
<i>Ferðaklúbburinn 4x4</i>	
Verkefnastyrkur	200.000 kr.
<i>Skógræktarfélag Íslands</i>	
Verkefnastyrkur	100.000 kr.

Árið 2002 – styrkir samtals 6.350.000 kr.

<i>Náttúruverndarsamtök Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	1.200.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.
<i>Landvernd</i>	
Rekstrarstyrkur	750.000 kr.
Verkefnastyrkur	1.800.000 kr.
Ferðastyrkir	550.000 kr.
<i>Fuglaverndarfélag Íslands</i>	
Rekstrarstyrkur	350.000 kr.
<i>Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs</i>	
Verkefnastyrkir	350.000 kr.
<i>Híð íslenska náttúrufræðifélag</i>	
Rekstrarstyrkur	200.000 kr.
<i>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi</i>	
Rekstrarstyrkur	150.000 kr.
<i>Náttúruverndarsamtök Austurlands</i>	
Rekstrarstyrkur	150.000 kr.
Ferðastyrkur	300.000 kr.
<i>Skotveiðifélag Íslands</i>	
Ferðastyrkur	250.000 kr.